

til þessara starfa þurfa þeir að hafa krafizt viðurkenningar ráðuneytisins innan 50
fimm ára frá gildistöku laga þessara.

29. marz

6. gr.

Samgöngumálaráðuneytið getur veitt tímabundna undanþágu frá ákvæðum þessara laga, sé ekki unnt að fá menn til starfa, sem uppfylla þau skilyrði, sem sett eru í lögum þessum, eða það er erfiðleikum bundið.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

51

um heimild handa samgöngumálaráðherra til að veita Guðjóni Ármanni Eyjólfsyni sjóliðsforingja stýrimannsskírteini á íslenskum skipum.

29. marz

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Siglingamálaráðherra skal heimilt að veita Guðjóni Ármanni Eyjólfsyni sjóliðsforingja undanþágu frá því að ganga undir farmanna- og varðskipapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, samkvæmt lögum nr. 5 14. marz 1955, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og láta honum í té stýrimannsskírteini í innan- og utanlandssiglingum á verzlunar- og varðskipum af hvaða stærð sem er og skipstjóraskírteini á sams konar skipum, eftir að hann hefur fullnægt ákvæðum laga nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

Skulu próf hans við sjóliðsforingjaskólann í Kaupmannahöfn jafngilda íslenskum prófum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.